

Stefna um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka



1. Gildissvið og markmið

- 1.1. Fossar fjárfestingarbanki hf. (hér eftir „Fossar“ eða „félagið“) er eftirlitsskyld lánafyrirtæki undir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands. Fossum er skylt skv. lögum nr. 140/2018 og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum að gera ráðstafanir í þeim tilgangi að styrkja varnir félagsins gegn mögulegu peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.
- 1.2. Stefna þessi gildir um alla starfsmenn Fossa, þ.m.t. stjórn og framkvæmdastjóra, og systur- og dótturfélög Fossa, eftir því sem við á.
- 1.3. Það er skýr stefna Fossa að vinna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og koma í veg fyrir að starfsemi félagsins sé misnotuð í slíkum tilgangi. Það er markmið Fossa að varnir félagsins séu ávallt sterkar og að takmarka áhættu eins og kostur er þegar kemur að peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Rík áhersla er lögð á að farið sé eftir lögum nr. 140/2018 og tengdum stjórnvaldsfyrirmælum.

2. Hlutverk og ábyrgð

- 2.1. Aðferðir við að draga úr hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi Fossa er uppbyggð með sambærilegum hætti og annað eftirlit félagsins. Í fyrstu varnarlínu eru stjórnendur og starfsmenn viðskipta- og stöðeininga, sem hafa umsjón með daglegum rekstri félagsins. Það er á ábyrgð fyrstu varnarlínu að meta og upplýsa um áhættu sem starfsfólk verða vart við. Starfsfólk skal samkvæmt verferlum félagsins tilkynna öll grunsamleg eða óvenjuleg viðskipti til regluvörslu. Í annarri varnarlínu eru regluvarsla og áhættustýring sem þróa virkt eftirlit og úttektir í því skyni að tryggja fullnægjandi áhættustýringu, gæði upplýsinga og að farið sé að lögum og innri stefnu, reglum og verkferlum. Í þriðju varnarlínu er innri endurskoðandi sem veitir óháð mat á virkni fyrstu og annarrar varnarlínu.
- 2.2. Fossar hafa tilnefnt ábyrgðarmann sem ber ábyrgð á aðgerðum félagsins gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, en regluvörður gegnir hlutverki ábyrgðarmanns. Ábyrgðarmaður ber ábyrgð á framkvæmd aðgerða Fossa skv. lögum nr. 140/2018 og samsvarandi innri reglum. Ábyrgðarmaður hefur eftirlit með því að viðeigandi ferlar séu til staðar til að tryggja hlítingu við stefnu þessa. Ábyrgðarmaður skal viðhafa reglulega fræðslu fyrir starfsmenn um gildandi lög og reglur. Enn fremur ber hann ábyrgð á að lögbærum yfirvöldum skuli tilkynnt án tafar um grun eða vitneskju um peningaþvætti eða fjármögnun hryðjuverka.



- 2.3. Fossar leggja áherslu á að starfsmenn félagsins þekki viðskiptamenn sína og starfsemi þeirra. Starfsmenn skulu vera meðvitaðir um hvar hætta á peningabætti eða fjármögnun hryðjuverka getur falist í störfum þeirra. Þeir skulu fylgja því verklagi sem innleitt hefur verið í rekstri Fossa og skulu koma ábendingum á framfæri við ábyrgðarmann telji þeir að brotið hafi verið gegn stefnu þessari.
- 2.4. Í því skyni skal framkvæmd viðeigandi áreiðanleikakönnun á viðskiptamönnum hverju sinni sem og að viðhaft er virkt og áhættumiðað eftirlit með viðskiptavinum og viðskiptum þeirra.

3. Aðgerðir Fossa fjárfestingarbanka hf.

- 3.1. Fossar viðhafa ríkar skipulags- og stjórnunarlegar ráðstafanir til að stýra áhættu sem stafar af peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Slíkar ráðstafanir eru meðal annars í formi ítarlegs áhættumats á rekstri félagsins, innri reglna og verkferla sem fylgja skal hvítetna í aðgerðum félagsins. Nánari útfærslu á stefnu þessari er að finna í fyrrgreindum skjölum.
- 3.2. Í innri reglum og verkferlum skal ávallt vera að finna ákvæði um aðferðir við mildun áhættu, framkvæmd áhættumats á viðskiptasamböndum, áreiðanleikakönnun, tilkynningar um grunsamleg viðskipti, innra eftirlit og kröfur sem gera skal til þjálfunar og hæfis starfsfólks.
- 3.3. Fossar framkvæma áhættumat á starfsemi félagsins. Áhættumatið tekur meðal annars mið af áhættuþáttum sem tengjast tegundum vara, þjónustu, viðskiptavinum, viðskiptalöndum og dreifileiðum félagsins.
- 3.4. Fossar framkvæma áreiðanleikakönnun á viðskiptavinum við upphaf viðskiptasambands og sem hluta af viðvarandi eftirliti félagsins með viðskiptasamböndum í samræmi við innri ferla félagsins. Tegund áreiðanleikakönnunar ræðst af niðurstöðu áhættumats á einstökum viðskiptasamböndum.
- 3.5. Fossar viðhafa reglubundið viðvarandi eftirlit með viðskiptavinum félagsins. Eftirlitið er áhættumiðað þar sem eftirlit með áhættumeiri viðskiptasamböndum er tíðara og dýpra en hjá áhættuminni viðskiptavinum. Eftirlit felst meðal annars í greiningu á frávikum og grunsamlegum viðskiptum, eftirlit með aðilum á alþjóðlegum þvingunarlistum og listum yfir stjórnómáleg tengsl og uppfærslu upplýsinga um viðskiptavini.

4. Endurskoðun og eftirlit

- 4.1. Stefna þessi skal endurskoðuð að lágmarki árlega.
- 4.2. Stefna þessi, sem og áhættumat, innri reglur og verkferlar, sæta eftirliti ábyrgðarmanns með peningabætti og innri endurskoðanda.

Samþykkt af stjórn Fossa þann 6. mars 2020

Samþykkt óbreytt af stjórn Fossa þann 5. mars 2021

Samþykkt uppfært af stjórn Fossa þann 27. maí 2022

Samþykkt óbreytt af stjórn 30. mars 2023



Rafrænt undirritað